

**2. mál Umræða um nefnd óháðra sérfræðinga sem yfirfara á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. maí (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka forseta fyrir þessa breytingu á dagskrá, sem að ég skýri betur út hér á eftir. En þannig er mál með vexti að ég lagði fram tillögu um rannsókn eða úttekt í borgarráði þann 7. maí. Á þeim fundi komu fram nokkrar athugasemdir og m.t.t. þeirra og í samráði við ýmsa sérfræðinga breytti ég tillögunni nokkuð og lagði hana síðan aftur fram í borgarráði 14. maí þar sem að hún var samþykkt. Það er mjög ákveðinn grunntónn í þessari tillögu, því að lagt er til að gerð verði viðamikil úttekt á stjórnsýslu og stjórnkerfi borgarinnar. Í tillögunni er ennfremur lagt til að skipaðir verði þrír fulltrúar, óháðir sérfræðingar á sínu sviði. Og það gefur augaleið að vanda verður valið því að ýmsu þarf að hyggja.

Í nefndinni þarf að vera náttúrulega fólk af báðum kynjum og þegar nánar er skoðað málið þá held ég að best væri að í nefndinni yrðu tveir löglærðir og einn viðskiptalærður hagfræðingur eða slíkt. Þannig samsetning var í rannsóknanefnd Alþingis og þótti gefast vel. Í aðgerðahópi borgarráðs hefur verið til umræðu hæfniskröfur og að sjálfsögðu gerum við kröfu um að almennt hæfi, en að öðru leyti á að mínu mati á að gera sömu kröfur og gerðar voru í rannsóknanefnd Alþingis og ná í raun og veru meira til vanhæfis. En í lögum um rannsóknanefnd Alþingis segir, með leyfi forseta: Nefndin skal gæta þess að þeir sérfróðu aðilar sem hún leitar til hafi ekki tengsl eða hagsmuni sem leiða til þess að þeir uppfylla ekki kröfu samkvæmt 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Tilvitnun lýkur. Og í grein stjórnsýslulaga segir um vanhæfis ástæðu, með leyfi forseta:

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls;

1. ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila
2. ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í öðrum tölulíð

4. á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnunarstigi - á sama við um starfsmann eða sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald og hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans, næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir
6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga úr óhlutdrægni hans í efa með réttu. Tilvitnun lýkur.

Samkvæmt tillögunni á nefndin að yfirfara stjórnkerfi og stjórnsýslu borgarinnar í ljósi rannsóknaskýrslu Alþingis. Í skýrslunni er mjög ýtarleg umfjöllun um stjórnkerfi og eftirlitsstofnanir ríkisins og þær umbætur sem nefndin telur að þurfi að eiga sér stað á opinberum vettvangi. Í skýrslu vinnuhóps um siðferði er að finna umfjöllun um starfshætti og siðferði í stjórnsýslu og stjórnámálum, þar með talin samskipti embættismanna, stjórnámálamanna og einkaaðila.

Eðli málsins samkvæmt snýr efni skýrslunnar ekki beint að stjórnkerfi eða stjórnsýslu sveitarfélaga, enda koma þau ekki með beinum hætti að þeim atburðum sem skýrslan fjallar um. Í stjórnkerfi sveitarfélaga er að mörgu leyti ólík stjórnkerfi ríkisins. Æðsta vald innan sveitarfélaganna er í höndum fjölskipaðs stjórnvalds sveitarstjórna sem kallar á formfestu við ákvarðanatöku eins og við þekkjum vel og þar sitja fulltrúar meiri- og minnihluta, en ráðherra fyrir einn af æðstu stjórn í stjórnsýslu ríkisins á sínu sviði. Flestir eru hins vegar sammála um það að þrátt fyrir þetta hafi skýrslan að geyma mikinn lærdóm um stjórnsýslu og stjórnmalasiðferði sem nýta þarf á öllu starfsfólki við opinbera stjórnsýslu, embættismönnum sem kjörnum fulltrúum. Það er því að mínu mati ákaflega þýðingarmikið, ágætu borgarfulltrúar, að lærdómur skýrslunnar nýtist eins vel og kostur er við áframhaldandi þróun stjórnkerfis og stjórnsýslu borgarinnar. Nefndin á að fá aðgang að skjalasafni borgarinnar og takið eftir – fyrirtækjum hennar og henni er heimilt að kalla fyrir sig aðila í stjórnkerfi okkar. Í þessu sambandi er það ákaflega mikilvægt að sviðsstjórar sem og yfirmenn fyrirtækja taki nefndafólki og starfsfólki nefndarinnar vel.

Og verkefni nefndarinnar er viðamikilið. Hún á sem sagt að kanna stjórnsýslu okkar og aðkomu stjórnmalafólks að fjárhagslegum ákvörðunum á undanförunum árum með tilliti til þess hvort hafi verið eðlilegrar hlutlægni og heiðarleika í þeim afskiptum. Hún á að kanna hvort einstakir aðilar eins og verktakar bankar og

fyrirtækjasamstöðurnar hafi fengið óeðlilega fyrirgreiðslu. Nefndin á að kanna hvort fjársterkir aðilar hafi beint eða óbeint haft áhrif á pólitískar ákvarðanir og stjórnsýslu borgarinnar. Hún á að kanna hvort fjársterkir aðilar hafi hagnast á tengslum við borgin og einstaka embættismenn eða borgarfulltrúa. Nefndin á að kanna hvort einstakir embættismenn, borgarfulltrúar eða frambjóðandi til borgarstjórnar hafi hagnýtt sér persónulega í þágu síns flokks tengsl við fjársterka aðila sem átt hafa í viðskiptum við borgina. Og eins og áður sagði þá á nefndin að koma með ábendingar og tillögur um breytingar á reglum, vinnubrögðum og skipulagi á stjórnsýslu borgarinnar eða eftir atvikum að koma fram með ábendingar um breytingar á þeim lagaramma sem sveitarfélögin starfa eftir.

Forseti, borgarfulltrúar. Að mínu mati og okkar sem að höfum rætt þessi mál, þá þarf í það minnsta að vinna með nefndinni einn starfsmaður og hún þarf að hafa aðgang að ýmsum ráðgjöfum og svona fólk er ekki að finna í hillum stórmarkaðanna og satt best að segja hefur mér fundist tíminn síðan að tillagan var samþykkt ekki nógu vel nýttur. Sjálfur setti ég á bloggið mitt beiðni um tilnefningar snemma í síðustu viku og út úr því komu ýmsar tilnefningar sem ég hef lagt í púkkið. En það fór svo eins og við var að búast að þegar að farið var að hafa samband við fólk að þeir sem eru á lausu í svona vinnu eru vandfundnir. Meiningin var að þetta yrði klárað í dag og að nöfnin væru klár hér, þannig að við gætum samþykkt þau hérna, en svo er því miður ekki og það var kannski heldur mikil bjartsýni. Að mínu mati er rétt að senda nú þegar út áberandi auglýsingar þar sem beðið er um tilnefningar og óskað eftir áhugasömum í nefndina, jafnframt því sem við vinnum hörðum höndum að því að hafa samband við þá sem koma til greina og við tökum öll þátt í því. Og ef við sendum út auglýsingar strax og gefum vikufrest gæti borgarráð afgreitt málið á fundi sínum 27. maí og ég óska afbrigða til að leggja fram eftirfarandi tillögu:

Borgarstjórn samþykkir að auglýst verði eftir þremur sérfræðingum í nefnd þá er framkvæma á úttekt á stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvörðun borgarráðs 6. maí sl. Borgarráð skipi í nefndina á fundi sínum 27. maí nk.

Forseti, borgarfulltrúar. Að mínu mati erum við, borgarfulltrúar í Reykjavík, að stíga hér ákaflega mikilvægt skref. Við erum að taka boltann frá rannsóknaneftir Alþingis sem þrátt fyrir allar hrakspár skilaði gríðarlega góðri vinnu. Skýrslan er

Bstj. 18. maí 2010

vönduð, trúverðug og óvægin, og hún afhjúpar spillta sambúð stjórn mála, stjórnsýslu og viðskiptalífs. Hún varpar ljósi á vanmáttugt eftirlitskerfi stjórnvalda og er í raun sjúkdómsgreining sem kallar á þjóðfélag sem setur manneskjuna ofar peningum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og óskað eftir því að tekin verði á dagskrá tillaga. Og eins og borgarfulltrúinn gat rétt um að þá krefst það afbrigða og ég vil gjarnan fá að sjá tillöguna. Er óskað eftir því að forseti lesi upp þessa tillögu á nýjan leik? Tillagan hljóðar þannig:

Borgarstjórn samþykkir að auglýst verði eftir þremur sérfræðingum í nefnd þá er framkvæma á úttekt á stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvörðun borgarráðs 6. maí sl. Borgarráð skipi í nefndina á fundi sínum 27. maí nk.

Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að taka til máls.

**2. mál Umræða um nefnd óháðra sérfræðinga sem yfirfara á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. maí (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Mig undrar það aðeins að það skuli ekki vera meiri umræða um þetta mál eftir þær löngu umræður sem hér voru um rannsóknaskýrsluna fyrir bara tveimur vikum ef ég man þetta rétt [frammikall] eða var það kannski fjórum – tíminn líður svo hratt þegar að það er gaman. En þetta er afar mikilvægt mál og afar mikilvægt að vel verði að þessu staðið og það náist fram það yfirbragð fagmennsku og festu sem að var á öllum störfum rannsóknanefndar Alþingis, enda þótt hér sé ekki verið að setja upp nákvæmlega eins nefnd, heldur hóp sérfræðinga óhlutdrægra óháðra sérfræðinga, sem að fari yfir mál sem lúta að stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og þeim spurningum sem fram koma, bæði í tillögunni sjálfri, greinargerð, en líka held ég megi segja í þeim ræðum sem hér voru haldnar í umræðunni um niðurstöður rannsóknanefndar Alþingis.

Það er eitt megin verkefni stjórnmalanna en líka stofnanasamfélagsins og við vorum síðast minnt á það bara í dag, að traustið í samfélaginu er víða hrunið. Traustið á Alþingi er enn að lækka. Traustið á lífeyrissjóðum er enn þá minna. Og þannig er hægt að rekja sig koll af kalli og af því að ég eins og aðrir borgarfulltrúar er mikið á meðal fólks að ræða um allt milli heima og geima, að þá slær það mann hvað margir kunna sögur úr eigin veruleika og lífi af breytingum hvað þetta varðar. Ég hitti útfararstjóra í fyrradag sem sagði það sem sína reynslu að jafnvel í þeim viðskiptum eða samskiptum við aðstandendur og ættingja hefði orðið gerbreyting að ýmsu leyti.

Við vorum vissulega að ræða um kjör fólks mjög mikið, en það var sérstaklega dregið fram í hans máli sem að ég hugsa töluvert um eftir okkar samtal, að vantraustið á að verið væri að koma rétt fram í viðskiptum á stóra hluti og smáa – allt frá verðlagningu yfir í útfærslu, yfir í athafnir og svo framvegis og svo framvegis er litað af miklu meiri vantrú og tortryggni til náungans heldur en áður. Og ég held að það sé svolítið mikilvægt að við áttum okkur á því að þetta er risastórt samfélagslegt verkefni að endurvinna, vegna þess að samfélagið er verra, varanlega verra ef að þetta vantraust verður varanlegt. Og þar hafa allar lykilstofnanir samfélagsins miklu hlutverki að gegna við heiðarlega sjálfsskoðun –

Bstj. 18. maí 2010

íhugun, stjórnmalaflokkarnir eru þar ekki undanskildir, borgarstjórn sannarlega ekki heldur.

Og ég vona að uppsetning og stofnun þessarar nefndar verði til þess að það fái st yfirveguð úttekt og plagg, hvort sem það verði grundvöllur frekari athugunar á tilteknum þáttum eða að það nái að rista nógu vítt og djúp strax í upphafi, að það geti orðið grundvöllur fyrir umbætur og svona ákveðna hreinsun á þeirri tortryggni sem við verðum einfaldlega að horfast í augu við að ríkir gagnvart borgarstjórn, borgarfulltrúum rétt eins og annars staðar í samfélaginu.

**Forseti:** Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvrtur borgarstjóri.

**2. mál Umræða um nefnd óháðra sérfræðinga sem yfirfara á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. maí (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Takk fyrir þessa umræðu og þessa tillögu sem hér er framlögð af hálfu borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar. Ég styð þá tillögu og tel að hún sér skynsamleg. Við erum auðvitað búin að samþykkja tillöguna eins og borgarfulltrúinn nefndi í borgarráði, þar sem að við ákváðum að hefja vinnu sem að auðvitað verður að einhverju leyti flókin og umfangsmikill, en engu að síður er talin þörf á að fara í hana og örugglega margt sem að skiptir máli að skoða í þessu samhengi. Ég held að það þurfi ekki að orðlengja það sem að við höfum öll margsinnis talað um í þessum sal í kjölfar umræddrar skýrslu. Við höfum öll rætt um mikilvægi þess að skoða okkar stjórnkerfi út frá ákveðnum ábendingum sem að koma fram þar og eru sannarlega mikilvæg og ræða hvernig við getum gert betur á vettvangi Reykjavíkurborgar, bæði í stjórnmalunum og í stjórnsýslunni og í vinnubrögðum almennt. Þannig að ég held að við séum öll reiðubúin í þá vegferð og viljum ganga til þeirra verka eins og samþykkt borgarráðs staðfestir og sýnir fram á.

Alveg hárrétt sem borgarfulltrúinn nefndi að þar ræddum við um ákveðið fyrirkomulag á þessum hópi sérfræðinga, þriggja sérfræðinga og við höfum fundað vegna þess. En ég tel að tillaga Þorleifs Gunnlaugssonar um það að við auglýsum eftir þessum aðilum sé góð og legg til að hún verði samþykkt á þessum fundi, þannig að það sé hægt að ganga til þeirra verka sem allra fyrst eigi þau tímaviðmið sem borgarfulltrúinn nefnir að nást. Þannig að ég legg til að hún verði samþykkt og það verði farið í það verkefni að auglýsa þetta og koma því í þann farveg sem talinn er farsælastur.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þar sem að tillaga Þorleifs Gunnlaugssonar borgarfulltrúa var ekki á dagskrá fundarins þarf að leita afbrigða til að koma henni á dagskrá. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja að tillagan verði tekin á dagskrá fundarins vinsamlegast gefið merki. Það er samþykkt einróma. Og næstur tekur til máls Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi.

**2. mál Umræða um nefnd óháðra sérfræðinga sem yfirfara á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. maí (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þessi tillaga er í raun og veru sjálfsögð en gengur þó allt, allt, alltof skammt. Við erum að fara inn í sveitastjórnarkosningar og það liggur fyrir að allir flokkarnir í borgarstjórn nema sá sem ég leiði er að taka á móti fjárframlögum og styrkjum, sem samkvæmt minni túlkun og túlkun annarra sem vilja líta þröngt á málið, eru brot á sveitarstjórnarlögum. Það er óheimilt að fylgja ekki sannfæringu sinni við atkvæðagreiðslur í sveitarstjórnnum landsins eða í Borgarstjórn Reykjavíkur og það er mjög slæmt að þessi mismunur skuli eiga sér stað – að þau framboð sem þó hafa skýrustu stefnuna og eru staðföstudust í málflutningi sínum standi höllum fæti gagnvart þeim framboðum sem annars eru hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Og eins og ég nefndi áðan og ætla ekki að eyða mörgum orðum um, því versta framboði sem ég hef séð á löngum ferli í stjórnámálum, sem er framboð Æ-listans. En ég ætla að leggja fram svohljóðandi bókun vegna þessarar þakkarverðu tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar og hún hljóðar þannig:

Ég styð þessa tillögu þó að hún gangi allt of skammt að mínu mati. Framganga þessarar tillögu gæti verið eitt skref af mörgum til að uppræta spillingu og samtryggingu alls fjórflokksins, þó að heiðarlegar undantekningar sé að finna í þeim efnunum. Ég legg áherslu á að móttaka styrkja og fjárframlaga til framboða fyrir sveitarstjórnarkosningar er í raun ólögleg. Samt taka öll framboð og kjörnir fulltrúar þeirra nema H-listinn við slíkum framlögum og eru þar með háð styrktaraðilum við atkvæðagreiðslur í borgarstjórn.

Ég legg fram þessa bókun.

**Forseti:** Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu og kynnt bókun. Þá tekur til máls Óskar Bergsson borgarfulltrúi.

**2. mál Umræða um nefnd óháðra sérfræðinga sem yfirfara á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. maí (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fagna í raun og veru því að málið er hér til umræðu og studdi það að tillagan yrði tekin hér á dagskrá. Og ég held að það sé margt í því fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur að öll stjórnsýsla Reykjavíkurborgar sé skoðuð. Það er hins vegar gríðarlega mikill munur á því sem gerðist í Borgarstjórn Reykjavíkur í hruninu á Íslandi og því sem gerðist í Ríkisstjórn Íslands og í ríkisfjármálunum. Þess vegna þurfum við líka að horfa til þess þegar að þessi hópur fer af stað að það verði horft til þess og það verði dregið fram í raun og veru hvað Reykjavíkurborg gerði rétt í aðdraganda hrunsins. Og ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum því til haga í þessari yfirferð og þessari skoðun, vegna þess að það er gríðarlega margt þegar að það er skoðað í eftiráspekinni það sem við höfum verið að gera á undanförunum tveimur árum, sem hefur komið sér vel fyrir okkur í þeim samdrætti sem allsráðandi er í samfélaginu. Þannig að ég held að við eigum að tala fyrir því og leggja áherslu á það í þeirri vinnu sem framundan er samhliða því sem kemur fram í greinargerð með tillögunni.

En ég hef aðeins áhyggjur af tímasetningunum sem menn setja hér uppi, ekki það að ég ætli að stoppa málið á þeim grunni, en ef við ætlum að gefa okkur núna 9 daga til þess að ganga frá málinu og erum að samþykkja auglýsingu í blöðin og auglýsa eftir fólki, þá er það gríðarlega stuttur tími. Og ég verð bara að segja það að ef tillagan er afdráttarlaus og við sem sagt ætlum að ganga frá málinu þann 27. maí og ef það tekst, þá segi ég nú bara vel að verki staðið. En mér finnst svona margt benda til þess að vinna eins og þessi geti dregist á langinn. Við gerum okkur enga grein fyrir því hversu margar umsóknir kunna að koma til okkar og hvað tekur langan tíma að vinna úr því. Þannig að ég vil nú að minnsta kosti segja það um leið og ég samþykki þessa tillögu hér, að tímasetningarnar eru knappar og við þurfum þá að vera meðvituð um það að þessi vinna kunni að dragast á langinn.

**Forseti:** Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

**2. mál Umræða um nefnd óháðra sérfræðinga sem yfirfara á stjórnkerfi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. maí (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að það sé alveg ljóst eins og borgarfulltrúi Óskar Bergsson bendir á að þessi tímarammi sem settur er í tillögunni er auðvitað þröngur, en við hins vegar ræddum það í borgarráði og töldum mikilvægt að klára þessa vinnu innan þessara tímamarka. Töluðum um að reyna að skipa í nefndina fyrir mánaðarmót. Þess vegna legg ég til að við reynum að gera þetta með þessum hætti. Skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra hefur haldið utan um verkefnið og telur að þessu verði viðkomið innan þessa tímaramma og við sjáum hvað gefur okkur. Það er alveg rétt sem borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson nefndi að við höfum verið að skoða ákveðin nöfn og við höfum verið að ræða við aðila og svo virðist vera sem að – ég man nú ekki hvernig borgarfulltrúinn orðaði það; þeir væru ekki í hillunum í stórmörkuðunum, eins og hann orðaði það. En það er þannig að það er nokkuð vandaverk að finna nákvæmlega þá aðila sem kannski bestir eru taldir í þessu og hvað gleggstar upplýsingar hafa og geta nýst okkur best. En ég legg áherslu á að við gerum þetta með þessum hætti, samþykki þessa tillögu og sjáum hvernig hún vinnur með okkur og þá yrði þetta auglýst strax og það er auðvitað lítil tími sem menn hafa og svosem ekki mikill tími sem borgarráð hefur. En miðað við hvernig við höfum unnið málið hingað til í góðri sátt og samstöðu þá held ég að það sé mikilvægt að við klárum málið með þeim hætti hér.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri eru ekki á mælendaskrá og verður nú gengið til atkvæða um tillöguna. Þá sýnist forseta að það séu 15 borgarfulltrúar í salnum og verður nú gengið til atkvæða um tillöguna. Hún var lesin hér upp áðan og ætti því að vera mönnum kunnug. Óska menn eftir því að hún verði lesin upp aftur. Þeir sem samþykkja þessa tillögu gefi merki. Hún er samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum. Næst er tekið fyrir á dagskrá tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um kvikmyndasetur í Regnboganum við Hverfisgötu. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi tekur til máls.